



Æskulýðsstarfið okkar var heldur fjölbreyttara hjá okkur þetta árið en undanfarin ár og má þakka liðsauka frá Tinu Niewert sem flutti til okkar í Eyjafjörðinn og gekk til liðs við okkur í æskulýðsnefndinni. Tina stóð fyrir tveimur páska viðburðum þar sem brugðið var á leik í Melaskjólí, ýmist á hestum eða án þeirra, auk þess sem krakkarnir fóru í páskaeggjaleit í hesthúsinu. Þá hélt hún tvisvar sinnum bíókvöld með pizzuveislu heima hjá sér að Möðruvöllum 2 en með þessum viðburðum eflist félagslífið hjá krökkunum og allir geta mætt óháð því hvort þau séu með hross á járnum. Tina hélt reiðnámskeið á vegum félagsins frá miðjum mars fram í miðjan apríl, fyrir krakka, bæði þau sem gátu mætt með eigin hross en einnig skaffaði hún hross fyrir þau sem vantaði.

Nefndin fundaði svo 21. apríl og lagði línurnar fyrir sumarstarfið sem innihélt að vanda að teyma undir börnum á sumardaginn fyrsta, TREC námskeið og mót (sem tilheyrir TREC nefndinni), Æskulýðsdaga Norðurlands, auk annarra reiðnámskeiða bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Vornámskeið í Melaskjólí

Tina bauð upp á námskeið fyrir börn í Funa, samtals 7 sunnudaga í mars, apríl og maí, þar sem börn komu ýmist með sinn eigin hest eða fengu lánaðan. Tina er ávalt með mjög fjölbreytta kennslu og spilar af fingrum fram út frá því sem hentar hverjum og einum. Gleði og leikur er í fyrirrúmi og mikið fjör hjá ungum knöpum. Kennt var í 2-4 manna hópum í reiðskemmum okkar, Melaskjólí, og tóku alls 8 börn þátt í námskeiðinu. Að námskeiði loknu var haldið smá lokahóf þar sem hestarnir fengu smá yfirhalningu. Myndirnar tala sínu máli!



Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur í góðu veðri á Melgerðismelum þar sem handverk, húsdýr, vélar og tæki voru til sýnis. Fjöldi manns sækir þennan viðburð árlega og fær sér bita af hinu víðfræga hlaðborði Funamanna. Mesta lukku, allavega hjá yngri kynslóðinni, vekja þó hestarnir góðu sem notaðir eru til að teyma undir minnstu gestunum. Þrjú hross voru notuð til að teyma undir (eitt þeirra nýttist reyndar ekki allan tímann) en aðsókn var því lík að gott hefði verið



að hafa þau fjögur og láta þau skiptast á að vera í pásu. Við takmörkuðum teyningarnar við tvær ferðir á hvert barn og notuðum stjórnustimpil til að halda utan um það. Ath. muna að spyrja börnin hvort þau vilji stimpil því sum þessi yngstu geta tekið það nærri sér að fá eitthvað svona á sig sem ekki næst svo auðveldlega af.

Æskulýðsdagar Norðurlands

Æskulýðsdagarnir okkar eru án efa stærsti viðburðurinn sem nefndin tekur sér fyrir hendur en þá



þurfa allir að taka höndum saman til að setja saman dagskrá sem nær yfir heila helgi, þriðju helgina í júlí. Fyrirkomulagið var með svipuðu sniði og venjulega. Ratleikur á hestum á föstudagskvöldinu þar sem skipt var í lið sem þurftu að leysa ýmsar þrautir, m.a. setja saman reiðtygi, leita að ávöxtum í skóginum og svara hestatengdum spurningum. Laugardagurinn byrjaði á þrautabraut sem haldin var á TREC svæðinu okkar. Um miðjan dag var svo farið í fjölskyldureiðtúr og borðað nesti sem kom með trússbílnum. Kvöldið endaði með grillveislu og varðeldi þar sem grillaðir voru sykurpúðar og svo tekið duglega á því í löggum og bófa í skóginum.

Sunnudagurinn byrjaði á keppnisgrein sem fram fór í reiðskemmuni og snerist um að safna saman hringjum sem búið var að raða á tunnur meðfram sporaslóðinni. Markmiðið var að vera sem fljótastur að safna saman öllum hringjunum en tími tapaðist fyrir hvern hring sem ekki var komið með í mark. Helgin endaði svo á frjálslægri hringvallarkeppni með útsláttarfyrirkomulagi, þ.a. það var eitthvað við allra hæfi þessa helgi. Öllum félögum á Norðurlandi er boðið að taka þátt í þessari helgarskemmtun, allt krökkunum að kostnaðarlausu, en fyrirtæki á Akureyri hafa styrkt okkur um mat að hluta og verðlaun. Þátttaka var með dræmara móti en þátttakendur komu að þessu sinni frá Funa, Þjálfa og Létti. Óvenju góð mæting var hjá Léttiskrökkum en við hefðum gjarnan viljað sjá fleiri krakka frá Funa.



Haustnámskeið í Melaskjólí og á TREC velli

Tina bauð upp á veglegt haustnámskeið fyrir börn í Funa helgina 21.-22. september, þar sem 8 börn skráðu sig til leiks. Kennt var í tveimur hópum þar sem hvor hópur fékk klukkutíma hópkenntu, ýmist inni í Melaskjólí eða úti á TREC velli, og svo 15 mín einkakennslu í formi sætisæfinga (hringteyming). Boðið var upp á hádegismat og einnig voru nemendur með nesti með sér því þetta var nokkur viðvera.



Byrjendareiðnámskeið



Byrjendareiðnámskeið fyrir börn (óháð félagsaðild) fædd 2017, 2018 og 2019 var haldið seinnipart mánudagsins 23. september. Boðið var upp á hesta, reiðtygi og hjálma. Anna Sonja hefur séð um utanumhald og kennslu þessara námskeiða undanfarin ár en vegna aukins umfangs TREC hefur verið aðeins erfiðara að finna þessu námskeiði pláss upp á síðkastið. Að þessu sinni var námskeiðið einn dagur þar sem kennt var í þremur 4-5 manna hópum. Gert var ráð fyrir 40 mín á hóp, þar sem 10 mín fóru í að koma krökkunum á hestana og stilla ístöð og fengu

þá börnin ca hálf tíma á hestbaki. Þetta stóðst nokkuð vel með aðstoð tveggja nefndarmanna auk foreldra. Námskeiðið var haldið í Hólum, heima hjá Önnu Sonju, þar sem hrossin sem nota mátti voru stödd einmitt þar þegar hægt var að koma námskeiðinu að. Það heppnaðist ljómandi vel en notast var við grasblett sem girtur var af svo hrossin gátu aðeins gengið í hringi eftir afgirtum gangi, enda ekki margir komnir með tók á að stjórna reiðskjótum sínum. Flestir foreldrar fylgdu börnum sínum hringinn og aðstoðuðu. Námskeiðið var auglýst með stuttum fyrirvara en skv. foreldrum þá hentaði ágætlega að skrá á svona dagsnámskeið með þessum fyrirvara.

TREC



TREC námskeið var haldið í júní og júlí, alls 6 skipti, þar af tveir bóklegir tímar, þar sem hægt var að skrá sig í staka tíma. Opið fólki á öllum aldri, innan félags sem utan. Eina skilyrðið var að mæta með eigin hest og reiðtygi. Verklef kennsla fór fram í 3-4 manna hópum, 40-45 mín í senn. Að loknu námskeiði, eða helgina 13.-14. júlí var svo haldið opið TREC mót þar sem boðið var upp á skráningu í tveimur styrkleikaflokkum, óháð aldri. Alls tóku 14 knapar á öllum aldri þátt í mótinu.

Við erum hæst ánægð með starfið þetta árið þar sem nóg var um að vera við allra hæfi, allt börnunum í félaginu okkar að kostnaðarlausu. Auk þessa sem upp hefur verið talið hér þá var bæjakeppni Funa líka haldin að vanda en hún er ávalt vinsæl hjá krökkunum. Sú keppni er fjáröflun fyrir félagið, þar sem keppendur draga miða með nafni þess bæjar í sveitinni sem þeir keppa fyrir. Mjög vinsælt hjá yngstu kynslóðinni enda frjálstlegt og sresslaust fyrirkomulag og upplagt að stíga þar sín fyrstu skref í hringvallarkeppni.

Fyrir hönd Æskulýðsnefndar Funa

Anna Sonja Ágústsdóttir, formaður nefndarinnar.

Æskulýðsnefnd Funa er þannig skipuð 2024-2025:



Anna Sonja Ágústsdóttir, Hólum, formaður

Gunnildur Erla Þórisdóttir, Rifkelsstöðum

Hulda Siggerður Þórisdóttir, Rifkelsstöðum

Inga Þórey Ingólfssdóttir, Kili

Tina Niewert, Möðruvöllum 2